

Hljómsveitin er að þessu sinni þannig skipuð:

Konsertmeistari: Helga R. Óskarsdóttir

1. fiðla

Helga R. Óskarsdóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Jónína Thorarensen
Auður Ýr Sigurðardóttir
Ásta Þorsteinsdóttir
Unnur Þorsteinsdóttir

2. fiðla

Hekla Arnardóttir
Drífa Örvarsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Auðbjörg Ingvarsdóttir
Halla Björg Baldursdóttir
Helga Andrésdóttir
Dagrún Hjartardóttir

Víóla

Páll Ingvarsson
Elín Björk Jónasdóttir
Halldóra Æsa Aradóttir
Gylfi Guðjónsson
Súsanna Friðriksdóttir

Selló

Páll Einarsson
Anna Jörunn Stefánsdóttir
Þorbjörg Sveinsdóttir
Hrefna Guðmundsdóttir
Sverrir Teitsson
Matylda Hermanska

Bassi

Kjartan Guðnason
Ásthildur Helga Jónsdóttir
Jón Hörður Jónsson

Flauta

Kristrún Helga Björnsdóttir
Karen Erla Karólínudóttir

Óbó

Guðrún Másdóttir
Sverrir Guðmundsson

Klarinett

Barclay Anderson
Guðmundur G. Haraldsson

Fagott

Sigríður Kristjánsdóttir
Þórður Magnús Tryggvason

Horn

Brynjar Björnsson
Þórunn Eir Pétursdóttir
NN
NN

Trompet

Steinar Matthías Kristinsson
Gunnar Kristinn Óskarsson

Básúnur

Finnbogi Óskarsson
Valgeir Geirsson

Pákur

Eggert Pálsson

Slagverk

NN
NN

Næstu tónleikar verða sunnudaginn 20. mars.

Upplýsingar um starf Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna má finna á vefsíðu hennar:

<http://www.ahugasinfonia.is/>

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju ómetanlegan stuðning.

Hljómsveitin nýtur stuðnings Menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar 2016.



Reykjavíkurborg

Tónleikar

Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna

sunnudaginn 14. febrúar 2016 kl. 17:00

Fiðla og flugeldar




Oliver Kentish




Franz Schubert



Beethoven



Johannes Brahms



Camille Saint-Saëns



Vittorio Monti

Einleikari: Guðný Guðmundsdóttir

Stjórnandi: Oliver Kentish



Efnisskrá:

F. Schubert: Forleikur í D-dúr, D590

L. v. Beethoven: Rómansa í F-dúr, op. 50.

- HLE -

J. Brahms: Ungverskur dans nr. 5

C. Saint-Saëns: Introduction et Rondo Capriccioso

J. Brahms: Ungverskur dans nr. 6

V. Monti: Czardás

Tónleikarnir eru helgaðir minningu Ernu Másdóttur, fyrsta fiðlukennara Guðnýjar Guðmundsdóttur og dyggs félaga í Sinfóníuhljómsveit áhugamanna til margra ára. Erna lést í maí á síðasta ári.

Flytjendur og verk:




Guðný Guðmundsdóttir


Guðný Guðmundsdóttir hóf fiðlunám sitt 6 ára gömul hjá Ernu Másdóttur. Síðar nam hún við Tónlistarskólann í Reykjavík undir handleiðslu Björns Ólafssonar. Framhaldsnám stundaði hún við Eastman School of Music og Juilliard í New York þar sem aðalkennarar hennar voru Carroll Glenn og Dorothy DeLay. Guðný gegndi starfi 1. konsertmeistarar við Sinfóníuhljómsveit Íslands frá 1974 -2010 eða lengur en nokkur annar hingað til. Hún leiddi hljómsveitina undir stjórn margra heimsþekktara hljómsveitarstjóra og lék með mörgum frægustu einleikurum og einsöngvurum heims. Auk konsertmeistarastarfsins hefur hún kennt við Tónlistarskólann í Reykjavík í yfir fjóra áratugi og einnig hin síðari ár við Listaháskóla Íslands. Margir nemenda hennar hafa unnið til alþjóðlegra verðlauna og eru í leiðandi stöðum bæði heima og erlendis. Guðný hefur verið tíður gestur á tónleikapalli frá sjö ára aldri. Hún hefur komið fram sem einleikari, í kammertónlist og sem gestakennari víða í Bandaríkjunum, Evrópu og einnig Asíulöndum. Á kennsluferðum sínum leitast hún við að kynna íslenska tónlist. Guðný hefur hlotið margar viðurkenningar fyrir tónlistarstörf, s.s. riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 1989 og menningarverðlaun DV árið 1990. Einnig er hún handhafi gullmerkis F.Í.H. og er heiðursfélagi í F.Í.T. Hún var sæmd gullmerki Tónskáldafélags Íslands í júní 2015.




Franz Schubert



Ludwig van Beethoven



Johannes Brahms



Camille Saint-Saëns



Vittorio Monti

Franz Schubert samdi ókjör af tónlist á sinni stuttu ævi. Maðurinn var sískrifandi og sköpunarmátturinn ótrúlegur. Það var þó ekki heiglum hent að stunda tónsmíðar í Vínarborg á þessum árum. Samanburðurinn var óhagstæður. Á sviði sinfónískrar tónlistar bar Beethoven höfuð og herðar yfir alla og Rossini var óperukóngurinn. Schubert lagði höfuðáherslu á sönglög og er hans helst minnst fyrir þau. Eftir hann liggja þó bæði óperur og sinfóníur sem út af fyrir sig mundu halda nafni hans á lofti þó ekki kæmi annað til. Hann samdi 9 sinfóníur auk margra kafla í sinfóníur sem hann náði ekki að ljúka við. Inn á milli sinfóníanna skrifaði hann nokkra forleiki sem oft eru fluttir út af fyrir sig og flestir búnir að gleyma hverju þeir voru forleikir að. Árið 1817, eftir að hann lauk við fimmtu sinfóníuna, samdi hann þrjá forleiki. Tveir þeirra bera eftirskriftina „í ítölskum stíl“. Ítölsk tónlist var mjög í tisku um þessar mundir og var Rossini helsti áhrifavaldurinn. Áhrif frá honum eru greinileg í forleiknum sem hér verður fluttur. Þetta er létt og lipur tónlist.

Ludwig van Beethoven (1770-1827) samdi ekki aðeins sinfóníurnar níu, sem hann er þó frægastur fyrir, heldur einnig fjölda annarra verka. Hann samdi tvö stutt verk sem hann kallaði rómönsur og voru skrifuð fyrir fiðlu og hljómsveit. Þær voru samdar 1798 og 1802 og má ef til vill líta á sem tilhlaup að fiðlukonsertinum sem var saminn 1806. Illa gekk að fá útgefendur að rómönsunum en þær komu þó út 1803 og 1805. Þetta er illskiljanlegt því þessi verk eru nú meðal vinsælustu perla meistarans.

Johannes Brahms (1833-1897) var ákaflega hægskrifandi og vandvirkur tónskáld. Sjálfsgagnrýnin var slík að hann fargaði stórum hluta tónverka sinna af ótta við að þau væru ekki nógu góð. Mörg verka hans þykja nokkuð þung og alvarleg. Við annan tón kveður þó í Ungversku dönsunum 21 sem hann skrifaði fyrir fjórhent píanó og gaf út í tvennu lagi, 1869 og 1890. Þeir urðu strax geysivinsælir og voru margir þeirra gefnir út í mismunandi útsetningum, meðal annars fyrir hljómsveit. Hljómsveitarútsetningarnar af fimmta og sjötta dansinum, sem hér verða leiknar, eru eftir Albert Parlow (1824-1888), sem var þýskt tónskáld og stjórnandi.

Camille Saint-Saëns (1835-1921) samdi Introduction et Rondo Capriccioso árið 1863 fyrir fiðlusnillinginn Pablo de Sarasate. Ætlunin mun hafa verið að verkið yrði lokakaflinn í fyrsta fiðlukonsert tónskáldsins, opus 20. Saint-Saëns var undrabarn í tónlist, hélt sína fyrstu tónleika 10 ára að aldri. Hann starfaði sem tónskáld, organisti, stjórnandi og píanóleikari, og gegndi mikilvægu hlutverki í þróun franskrar tónlistar. Hann þótti íhaldssamur og jafnvel gamaldags í tónsköpun sinni en var kennari Gabriëls Fauré, sem aftur var kennari Maurice Ravel.

Vittorio Monti (1868 – 1922) var ítalskt tónskáld, fiðluleikari, mandólinleikari og stjórnandi. Monti fæddist í Napolí og starfaði lengi í París. Hann samdi meðal annars balletttónlist og óperettur, og eftir hann liggur kennslubók í mandólinleik. Langþekktasta verk hans er Czárdás sem hann samdi 1904 fyrir fiðlu og píanó. Það er til í ótal útsetningum fyrir ýmis hljóðfæri og hljóðfærahópa. Annars er czárdás upprunalega gamall ungverskur þjóðdans sem einkennist af miklum hraðabreytingum, byrjar hægt og endar mjög hratt.